

Ed.

36. Frumvarp

til laga um takmörkun húsaleigu í kaupstöðum landsins.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Frá 1. júlí 1923 til ársloka 1926 má húsaleiga í kaupstöðum á Íslandi ekki vera hærri en 12% af virðingarverði húsanna, samkvæmt síðasta fast-

eignamati. Með verði hússins skal talið verð lóðarinnar, sem það stendur á, líka miðað við fasteignamat. Þessi ákvæði ná til allra þeirra húsa eða einstakra herbergja, sem leigð eru til íbúðar eða atvinnurekstrar.

2. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi skal í hverjum kaupstað vera starfandi húsaleigunefnd. Í þeirri nefnd eiga sæti þrír menn, kosnir af bæjarstjórn með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Kostnaður við start nefndarinnar greiðist úr hlutaðeigandi bæjarsjóði.

3. gr.

Starf húsaleigunefndar er að skera úr misklið, sem risa kann milli húseigenda og leigjenda út af húsaleigu. Nefndin skiftir hinni fastákveðnu leigu af hverju húsi milli íbúða og einstakra herbergja, eftir því sem þörf krefur. Skal þar tekið fyrst og fremst tillit til rúmmáls herbergjanna, en að nokkru miðað við aðra aðstöðu, hæð frá jörðu og hversu herbergi eða íbúð snýr við sól.

4. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi má enginn húseigandi segja upp leigusamningi á húseign, sem heyrir undir þessi lög, nema fyrir vanskil á húsaleigu. Húsaleigunefnd á hverjum stað sker úr, hvort um vitaverð vanskil hafi verið að ræða.

A s t æ ð u r .

Frumvarp þetta á að ná til allra þeirra kauptúna, sem hafa kaupstaðarrjettindi. Í flestum þeirra er nú óhæfilega há húsaleiga, svo að þjóðarból er að. Húsaleigan í stærstu kaupstöðunum er einn aðalþáttur í að halda við dýrtíð í landinu. Síðan 1920 hafa jarðir í sveitum, skip og bátar, svo og afurðir bæði til lands og sjávar, fallið stórkostlega í verði, um helming eða meira. Alt hefir fallið nema húsaleigan í helstu kaupstöðunum. Dæmi eru til í Reykjavík, að íbúðir í gömlum húsum eru nú leigðar tíföldu verði við það, sem átti sjer stað fyrir stríðið. Þar sem langflestar byggingar í bænum eru reistar fyrir 1914, er bersýnilega að ræða um gróða til handa húseigendum, sem ekki hefir verið til unnid í venjulegum skilningi.

Ef ekki tekst að lækka húsaleiguna í bæjunum hjer á landi, hlýtur dýrtíðin að haldast. Starfsmenn landsins, verkamenn og kaupafólk heimta hátt kaup, en eiga samt í fullkomnu basli. Á hinn bóginn geta atvinnuvegirnir ekki hjer á landi borið hærra kaup eða hærri starfslaun heldur en titt er í löndum þeim, sem framleiða sömu vörur og Íslendingar og keppa við okkur á erlendum markaði.

Vitaskuld myndi húseigendum í kauptúnunum þykja harðræði að láta þá »afskrifa« hús sín, eins og lækkað verð á fiski og kjöti hefir nú þegar »afskrifað« jarðir í sveitum og öll útgerðartæki. En hjer fer sem oftar, að hin meiri nauðsyn verður að ráða. Almenningsheill verður að gilda meira en einstaklingshagsmunir. Má og sjerstaklega líta á það, að flestöll hin eldri hús í kauptúnunum hafa nú þegar borgað sig, og sum oftar en einu sinni.